

Fundarboð

5. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2020.

6. mars kl. 8:10 – 9:0 í Heppuskóla – stofu 5.

Dagskrá

1. **Ytra mat** – hér er linkur inn á niðurstöður matsins.

https://mms.is/sites/mms.is/files/grunnskoli_hornafjardar.pdf Nú þarf skólinn og sveitarfélagið að skila inn úrbótaáætlun og mikilvægt er að foreldrar og nemendur komi að þeim úrbótum í gegnum Skólaráð. Á fundinum verður unnið að umbótaáætlun á þeim liðum sem snúa beint að foreldrum og nemendum og fjallað um hvor við þurfum að ná til stærri hóps og þá hvernig.

2. **Að seinka skólabyrjun – staðan á því máli og** almennur foreldrafundur um það og framtíð skólahúsnæðis í sveitarfélaginu

Fundargerð

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Eygló Illugadóttir

Mættir: Stefanía Hilmarsdóttir, Gunnhildur Imsland, Birkir Snær Ingólfsson, Eva Rán Ragnarsdóttir, Björn Sigfinnsson, Eygló Illugadóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Kristín Hermannsdóttir, Katrín S. Guðmundsdóttir, Kristín Gestsdóttir, Fjóla Hrafnkelsdóttir, Selma Dröfn Ívarsdóttir.

Dagskrá

1. **Ytra mat** – hér er linkur inn á niðurstöður matsins.

https://mms.is/sites/mms.is/files/grunnskoli_hornafjardar.pdf Nú þarf skólinn og sveitarfélagið að skila inn úrbótaáætlun og mikilvægt er að foreldrar og nemendur komi að þeim úrbótum í gegnum Skólaráð. Farið var stuttlega yfir niðurstöður ytra mats og að því loknu vatt fólk sér vinnu við umbótaáætlun. Búið var að litakóða þættina eftir því hverjir ættu að vinna þá og á fundinum var unnið að umbótaáætlun á þeim liðum sem snúa beint að foreldrum og nemendum. Fyrst var unnið í þremur hópum og svo sameinaðist fólk um niðurstöður. Fjórir þættirnir sem teknir voru fyrir snúa að faglegru forystu, einn að námi og kennslu og einn að innra mati. Á næst bls. koma niðurstöður umbótaáætlunar sem snúa að skólaráði.

2. **Að seinka skólabyrjun – staðan á því máli og** almennur foreldrafundur um það og framtíð skólahúsnæðis í sveitarfélaginu sem skólaráð og fræðslu- og tólmstundanefnd stendur fyrir í Nýheimum 19. mars nk. Fram kom á fundinum að foreldra vantaði upplýsingar um hvernig yrði staðið að útfærslu á starfi skólans ef farið verður í að seinka skólabyrjun á næsta hausti. Töluverðar umræður hefðu skapast í samfélaginu um málið en fólk vantaði frekari upplýsingar. Þórgunnur þakkaði ábendinguna og sagðist koma þessum upplýsingum á framfæri í fréttabréfi sem væri í bígerð og færi út í næstu viku.
3. Næsti fundur skólaráðs verður föstudaginn 27. mars

Umbótaáætlun, þættir unnir af skólaráði 6. mars 2020

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²					
Kjósa alla fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti til tveggja ára í senn.	Fá nemendur úr nemendaráði til að bjóða sig fram í skólaráð til tveggja ára, ef nemandi úr 10. bekk býður sig fram þá er hann sjálfkrafa bara í eitt ár og þá kemur einn inn nýr á hverju ári. Nemendaráð skipar svo tvo fulltrúa í skólaráð. Kostningar að vori skólaráð	Vor 2020	Haust 2021	Skólastjóri	Vor 2021
Virkja foreldra til þátttöku í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.	Kynna skólaráð betur fyrir foreldrum svo þeir sækist frekar eftir því að sitja í því. Skoða hvort það ætti að taka fleiri mál fyrir í skólaráði Hafa almennan foreldrafund einu sinni á ári á vegum skólaráðs. Taka fyrir efni sem skipta máli og kynna skólaráð. Tala um að börnin séu það dýrmætasta sem við eigum og því sé eftirsóknarvert að vinna að málum sem snúa að þeim. Krúttskólakvöld einu sinni á ári „á Hafinu“ og fá foreldra til að mæta til að ræða um skólastarfið og mynda stemningu í foreldrahópnum –	Vor 2020	Aldrei	Skólastjóri, foreldrar	Vor 2021

	kannski gæti foreldrafélagið staðið fyrir þessum fundi.				
Skólaráð haldi árlega opinn fund um skólamála fyrir skólasamfélagið.	<p>19. mars ætlum við að byrja, þá verður sameiginlegur foreldrafundur skólaráðs og fræðslunefndar. Venjulega mætti halda almennan fund í feb/mars og þá mætti taka fyrir mál eins og ;</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skólabrag • Foreldrasamstarf • Skóladagatal • Niðurstöður skólapúlsins • Foreldrafélagið kæmi inn með kynningu á sér . Tala um að börnin séu það dýrmætasta sem við eigum og því sé eftirsóknarvert að vinna að málum sem snúa að þeim. 	Vor 2020	Aldrei	Skólastjóri /skólaráð	2021
Vinna með einkunnarorðin sem hluta af stefnu skólans og gera þau ljósari í vitund fólks.	<p>Hægt að tengja við þemadaga, hægt að gera orð úr upphafsdögum Tengja orðin við stefnu skólans Unnið er með einkunnaorðin í öllu mögulegu skólastarfi. Nota alltaf sama orðið um einkunnarorðin og tala um gildi skólans. Kennarar noti einkunnaorðin meira Væri hægt að gera slagorð með einkunnarorðunum</p>	Byrja 2020	2021	Skólastjóri, kennarar tónmenntakennari	2021

	Væri hægt að gera lag með einkunnarorðunum				
--	--	--	--	--	--

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	--------------	--------------	------------------	--------------------------

Svið II - Nám og kennsla

Hvetja nemendur og foreldra til að kynna sér betur og nýta bekkjarnámskrár til eflingar náms.	Taka skóla- og bekkjarnámskrár árlega fyrir í skólaráði til samþykktar. Kynna bekkjarnámskrár betur fyrir nemendum og foreldrum. Hafa t.d. alltaf link inn á bekkjarnámskrár á mentor. Minna á skólanámskrána á kynningarfundum.	2020	Aldrei	Skólastjóri /kennarar	Haust 2020
---	--	------	--------	-----------------------	------------

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
---	---	--------------	--------------	------------------	--------------------------

Svið III - Innra mat

Tryggja aðkomu fulltrúa annarra starfsmanna, nemenda og foreldra að matsteymi skólans.	Vinna umbótaáætlun með nemendum. Vinna umbótaáætlun með foreldrum. Aðrir starfsmenn koma að vinnu við umbótaáætlun. Við sjáum ekki ástæðu til þess að þessir aðilar séu endilega hluti af matsteyminu sjálfu en mikilvægt að þeir geti komið með tillögur að því hvað ætti að meta og eins að umbótaáætlunum. Með því að tengja matsteymið betur við skólaráð ætti rödd nemenda og foreldra t.d. að heyrast betur.	2020	Aldrei	Matsteymi /skólatjóri	2021
--	--	------	--------	-----------------------	------

